

Ár 2005, mánudaginn 29. ágúst, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 1/2005:

Handknattleiksdeild ÍBV

gegn

Stjórnunni o.fl.

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 16. maí 2005 og móttekin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest 2. júní 2005 og dómtekið sama dag. Dómur er kveðinn upp í dag 29. ágúst 2005.

Frammi liggur dómskjal merkt nr. 1.

Dómkröfur kæranda:

Krafist er að félögin Stjarnan, FH, Haukar, Fylkir og HK verði hvert um sig sektuð um kr. 50.000,- fyrir hvert brot á ákvæði 3.1.9. skv. lögum HSÍ

Málsástæður kæranda:

Kærandi kveður neðangreind félög hafa átt í viðræðum við og gert samninga við tilgreinda samningsbundna liðsmenn kæranda, nánar þannig:

- Stjarnan við Roland Eradze, Tite Kalandadze, Florentinar Grecu, Guðbjörgu Guðmannsdóttur og Alla Gokorian.
- FH við Guðbjörgu Guðmannsdóttur og Florentinar Grecu.
- Hauka við Kára Kristjánsson, Samúel Ívar Árnason og Guðbjörgu Guðmannsdóttur.
- Fylki við Jóhann Inga Guðmundsson.
- HK við Kára Kristjánsson og Samúel Ívar Árnason.

Með þessu hafi verið brotið gegn ákvæði 3.1.9. í lögum HSÍ, en ákvæðið hljóðar þannig:

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Niðurstaða dómsins:

Kæran er dagsett 16. maí 2005 og móttokin sama dag á skrifstofu HSÍ. Ekki verður séð af kærinni hvenær þeir atburðir sem leiða eiga til sektar hafi átt sér stað. Engin gögn eru lögð fram til stuðnings fullyrðingum kæranda um ætluð brot á lögum HSÍ. Þá eiga kærðu ekki óskipta samaðild í þessu máli og verða þeir ekki allir kærðir í einu og sama málinu. Þá uppfyllir kæran ekki ákvæði reglugerðar um dómstól HSÍ um form og efni kæru sbr. 6. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ. Kærinni og málatilbúnaði kæranda er ábótavant í svo veigamiklum atriðum að ekki verður lagður efnisdómur í máli þessu. Verður því að vísa því frá dómi án kröfu.

Vegna anna dómara og sumarleyfa hefur ekki verið unnt að ljúka þessu máli fyrr en nú.

DÓMSORÐ:

Kæru Handknattleiksdeildar ÍBV dagsettri 16. maí 2005 er vísað frá dómi.

Jóhannes Albert Sævarsson